

Vegagerðin  
Helga Aðalgeirsdóttir  
Miðhúsavegi 1  
600 Akureyri

2000090091  
5706; 9310

Reykjavík, 15. febrúar 2001  
/ÞFB

**Efni: Hringvegur um Norðurárdal, Kjálkavegur-Heiðarsporður í Akrahreppi.  
Ákvörðun um matsáætlun.**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun um Hringveg um Norðurárdal í Akrahreppi.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Vegagerðarinnar dags. 3. janúar 2001 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Vegagerðin. Hringvegur um Norðurárdal í Akrahreppi í Skagafjarðarsýslu. Kjálkavegur - Heiðarsporður. Tillaga að matsáætlun. Janúar 2001.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Akrahreppi, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvernd ríkisins, Landgræðslu ríkisins, Landsvirkjun, veiðimálastjóra og Þjóðminjasafni Íslands. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra með bréfi dags. 2. febrúar 2001, Náttúrufræðistofnun Íslands með bréfi dags. 22. janúar 2001, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 23. janúar 2001, Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 18. janúar 2001, Landsvirkjun með bréfi dags. 27. janúar 2001, veiðimálastjóra með bréfi dags. 23. janúar 2001 og Þjóðminjasafni Íslands með bréfi dags. 11. janúar 2001. Þá bærust stofnuninni, þann 9. janúar 2001, afrit athugasemda til Vegagerðarinnar frá Einari Gunnarssyni og Guðmundi L. Friðfinssyni dags.

3. og 22. nóvember 2000 og þann 15. desember 2000 samrit athugasemda til Vegagerðarinnar frá Árna Gíslasyni ofl. dags. 30. nóvember 2000.

Skipulagsstofnun barst svarbréf framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna, með bréfi dags. 5. febrúar 2001, þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við þær.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim athugasemdum sem gerð er grein fyrir hér að neðan.

**Landnotkun.** Í matsskýrslu verði fjallað um hugsanleg áhrif mismunandi kosta á legu vegarins, á 132 kV háspennulínu Landsvirkjunar og haft samráð við Landsvirkjun um hvernig tillit verður tekið til öryggisatriða eins og fjarlægðar vegar og veghluta frá línunni sem og hæð undir línuna þar sem lína og vegur þverast. Við matsvinnuna verði kannað hvort við val á vegstæði þurfi að taka tillit til rýmis fyrir hugsanlega nýja háspennulínu um þetta svæði og niðurstaða þess komi fram í matsskýrslunni.

**Aðrir kostir.** Í matsskýrslu þarf að fjalla um núll-kost, þ.e. að aðhafast ekkert, gera grein fyrir umhverfisáhrifum hans og bera saman við þá kosti sem framkvæmdaraðili tekur til skoðunar sbr. liði 1h og 3e í 18. gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

**Áfangaskipting.** Þar sem ekki er búið að fjármagna nema um 50% verksins samkvæmt vegaáætlun 2000 - 2004 verði í matsskýrslu fjallað um mögulega áfangaskiptingu verksins sbr. lið 1a í 18. gr. reglugerðar nr. 671/2000.

**Skipulag.** Skipulagsstofnun bendir á að ekki er fyrir hendi deiliskipulag eða aðalskipulag í Akrahreppi. Þá er enn fremur rangt með farið að svæðisskipulag sé í vinnslu því samvinnunefnd um svæðisskipulag hefur ekki verið stofnuð eftir að sveitarfélög Skagafjarðar sameinuðust í maí 1998.

## **Annað**

Skipulagsstofnun leggur til að heiti framkvæmdarinnar verði: Hringvegur um Norðurárdal. Kjálkavegur-Heiðarsporður í Akrahreppi.

Bent er á að ljósmyndir verði notaðar til skýringar á breytingum á landi og ám sem efnistaka hefur í för með sér.

Nauðsynlegt er að í matsskýrslu verði helstu hugtök sem fram koma í skýrslunni skýrð á aðgengilegan hátt.

Skipulagsstofnun vill benda framkvæmdaraðila á að mögulegt er að hafa samráð við stofnunina meðan á vinnu við matsskýrslu stendur og Vegagerðin er hvött til að nýta sér efni þeirra umsagna og athugasemda sem Skipulagsstofnun bárust við umfjöllun um tillögu að matsáætlun.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F. Þóroddsson

Afrit :

Akrahreppur, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, Landgræðsla ríkisins, Landsvirkjun,  
Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvernd ríkisins, veiðimálastjóri, Þjóðminjasafn Íslands